

Daginn eftir hringdi ég í foreldrana. Mamma skammar mig auðvitað fyrir að láta ekki vita af komu minni. Pabbi spyr hvort ég ætli ekki að kíkja norður í nokkra daga og anda að mér almennilegu íslensku lofti. Ég segist ekki vera búinn að ákveða hvenær það verði, þurfti fyrst að ganga frá ýmsum málum og ná sambandi við hina og þessa. Innantómar afsakanir. Hverja á ég svo sem að hafa samband við?

Eftir sjö ára flakk um heiminn er ég ekki viss um að eiga lengur samleið með gömlu kunningjunum. Bréfaskriftir hafa aldrei verið mín sterka hlið og öll þessi ár var aðeins ein manneskja sem ég nennti að skrifa: Dóra. Af henni hafði ég ekkert frétt síðastliðin þrjú ár. Bréfin höfðu hætt að berast en ég gat sjálfum mér um kennt, fast heimilisfang fylgir ekki flakki land úr landi. [...]

Næstu daga rekst ég á æ fleiri sem ég kannast við. Flestir eru komnir með fjölskyldur, búnir að ljúka námi og teknir við að safna skuldum. Einhvern veginn finnst mér ég ekki eiga neitt sameiginlegt með þessu fólki svo að ég er ekkert að hafa fyrir því að lífga við fyrri kunningskap. Óþarfi að eyða dýrmætum tíma vinnandi fólks í að tala um liðna tíð og hugmyndir sem dóu vöggudauða.

Með hverjum deginum sem líður verð ég meiri útlendingur en ég var nokkurs staðar erlendis. Útlendingur í eigin föðurlandi og mér finnst jafnvel börnin horfa á mig sem ferðamann. Ég hefði aðeins komið heim til að selja íbúðina sem amma arfleiddi mig að. Eftirspurn á fasteignamarkaðnum virðist hins vegar ekki vera eins mikil og minn gamli skólabróðir vildi vera láta. Til að drepa tímann og losna undan rannsakandi augum í borginni fer ég norður til föðurhúsanna.

- Elsku drengurinn minn, hvað er að sjá þig? Það er naumast að þú ert breyttur. Kolsvartur og grindhóraður. En hvers vegna hringdirðu ekki á undan þér svo að ég væri tilbúin með læri, segir

mamma um leið og hún faðmar mig að sér á stéttinni fyrir framan bæinn. Pabbi gamli tekur í höndina á mér og áréttar orð móður minnar um holdafarið en síðan göngum við inn enda hrollkalt í hafgolu kvöldsins. [...]

Eftir nokkra daga er ég sem nýr maður. Mamma og pabbi rekja úr mér garnirnar en reyna ekki að grafast fyrir um framtíðaráformin. Sennilega löngu búin að átta sig á því að ég ræð mér sjálfur eða þá að þau eru hrædd um að missa mig aftur á flakk með einhverjum óþarfa spurningum. Þau fræða mig um afdrif allra í sveitinni, hverjir séu fallnir frá og hvaða jarðir komnar í eyði. Fámennið í hreppnum er orðið slíkt að ekki er hægt að halda félagsvist lengur nema boða hana í öðrum sveitum. [...]

Á fimmta degi áræði ég loksins að spyrja um Dóru. Pabbi er úti í skemmu og við mamma sitjum með kaffibolla í eldhúsinu. Það kemur undarlegur svipur á hana við spurninguna og hún byrjar að tala um hvað Dóra hafi alltaf verið dugleg og sjálfstæð. Hvað það hafi alltaf verið gaman að fá hana í heimsókn.

Ég finn að hún á erfitt með að koma orðum að einhverju. Spyr hvort það hafi eitthvað komið fyrir. Mamma horfir niður í kaffibollann og þögn hennar segir sitt.

- Hún lenti í bílslysi hérna frammi í firði. Ætli það séu ekki um þrjú ár síðan. Hún náði sér nú samt furðufljótt nema sjónin.

- Er hún blind?

- Já. Og hún bannaði okkur að láta þig vita af því, segir mamma og hellir meira kaffi í bollann minn.

Þessar fréttir fá á mig. Dóra orðin blind. Á öllu öðru átti ég von. Þess vegna hafði hún hætt að skrifa mér. Hefur ekki viljað láta mig vorkenna sér.

- Hún var ansi þunglynd fyrstu mánuðina en svo náði hún sér aftur á strik. Fór suður í skóla en hún kemur samt alltaf norður annað slagið. Þú ættir nú bara að renna yfir og athuga hvort hún er ekki

heima hjá mömmu sinni núna. Mér þætti það nú frekar líklegt.

Misjöfn eru mannanna örlög. Undarlegt að hugsa til þess að Dóra geti ekki lengur séð eyjarnar á firðinum né nokkuð annað. Hversu oft höfðum við ekki gengið saman niður að sjó og horft á sólina skriða bak við háreistar eyjar og björg. Rætt um hvernig við ætluðum að breyta heiminum.

Mamma er farin út og kaffið orðið kalt. Ég geng út í skemmu og spyr hvort ég megji ekki fá bílinn lánaðan, þurfi aðeins að skutlast í kaupstaðinn. Hirði ekki um að heyra svarið og er kominn út á þjóðveginn áður en varir. Hvað ætla ég að segja við hana? Reyni að upphugsa eitthvað sniðugt en er engu nær þegar ég er kominn á leiðarenda.

Ég legg bílnum fyrir utan rautt húsið. Sit smástund við stýrið en dreg síðan djúpt andann og snarast út. Þykist vita að dyrabjallan sé ennþá óvirk svo að ég banka á dyrnar. Mér finnst líða óratími þar til hreyfingar verður vart fyrir innan og lokið er upp.

- Hver er þar?

Fyrir framan mig stendur stúlkan sem ég skildi

eftir þegar ævintýrabráin kallaði. Hún hefur ekki breyst ýkja mikið að undanskildum smáum örum í andliti og sviplausum augum. Ég fyllist kjarki að nýju og get ekki annað en brosað.

- Ég ætlaði að athuga hvort ekki mætti bjóða ungfrúnni í fjöruferð?

Andlitsdrættir hennar lýsa einbeitni meðan hún reynir að koma fyrir sig röddinni. Síðan er eins og lyktin sannfæri hana og spékopparnir koma í ljós. En brosið vikir fyrir háttvísunum svip og hún snertir brjóst mitt með hendinni.

- Jú, þakka þér fyrir. Það væri vel þegið. Geturðu beðið smástund meðan ég fer í skó og eitthvað utan yfir mig? segir hún með rödd sem ég kannast svo vel við.

Sólin er enn hátt á lofti og ládauður sjór. Við sitjum þögul í fjörunni, höldum utan um hvort annað og öndum að okkur ilmi hafsins. Þá segir hún allt í einu upp úr þurru:

- Heyrirðu í fuglunum?

Ég loka augunum, legg við hlustir og heyri söng farfuglanna, söng vorsins.

*(Skúli Björn Gunnarsson, 1996, Lífsklukkan tifar)*